

Reglur um bókun á úthlutun styrkja Stofnanir með eigið bókhald

1

Þegar loforð um úthlutun styrkja liggur fyrir verða fylgiskjöl að vera árituð af þeim sem úthluta styrkjunum ásamt upplýsingum um heimildir, fjárlög, fjárlagalið og viðfang, fjárhæð styrkja og kennitölu styrkþega. Einnig þarf að koma fram hvaða verkefni verið sé að styrkja. Þessi gögn verða síðan að fylgja með bókunarfærslum inn í bókhald.

2

Þegar úthlutun styrkja liggur fyrir þá skal gjaldfæra þá strax. Styrkirnir verða gjaldfærðir á tegundir sem við eiga og með framtalstákni 1 þar sem við á:

- 59102 Til ríkisstofnana í A-hluta
- 59122 Til sveitarfélaga
- 59132 Til fyrirtækja og atvinnuvega
- 59142 Til einstaklinga, samtaka og heimila

3

Mótfærsla við gjaldfærslu styrkjanna verður á efnahag og á þær tegundir sem við eiga ásamt kennitölu styrkþega:

- 22113 Styrkveitingar – Ríkisstofnanir í A-hluta
- 22143 Styrkveitingar – Sveitarfélög
- 22153 Styrkveitingar – Fyrirtæki og atvinnuvegir
- 22163 Styrkveitingar – Einstaklingar og samtök

4

Þegar styrkir eru greiddir að hluta eða að fullu þá er greiðslan bókuð út af viðskiptareikningi viðkomandi styrkþega.

5

Stofnanir verða að sjá til þess að fjárheimildir séu til staðar inni á þeim tímabilum sem styrkir gjaldfærast. Dreifing fjárheimilda innan ársins verður að vera í samræmi við úthlutanir styrkja.

6

Áður en framtal til skattfyrvalda fer fram þarf að leiðrétta framtalsmerkingar með tilliti til þess hversu mikið af viðkomandi styrkjum hefur verið greitt á árinu. Framtal mun aðeins verða á þeim hluta styrks sem greiddur var á árinu. Sjá leiðbeiningar frá uppgjörssviði FJS.

7

Niðurfelldir styrkir munu bókast til lækkunar á gjöldum á móti þeirri gjaldfærslu sem gerð var á sínum tíma, sömu tegundir. Með reglubundnum hætti skal fara yfir stöðu ógreiddra styrkja. Gögn vegna niðurfellingar skulu fylgja bókunarfærslum með viðeigandi upplýsingum.

8

Bókanir á styrkveitingum vegna liðins árs skal lokið fyrir 20. janúar á nýju ári.

Fjársýsla ríkisins
15. desember 2011